


Áfram! Ný tækifæri í Hafnarfirði Virðing-Vinna-Virkni


Sveitarfélag: Hafnarfjarðarkaupstaður.
Starfsmenn: 8 starfsmenn vinna beint að verkefninu. Auk þess hafa fleiri aðkomu.
Heyrir undir: Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.
Tengiliður: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.
Tölvupóstur: rannveig@hafnarfjordur.is

Hver var hvatinn að verkefninu?

Hafnarfjarðarbær stóð frammi fyrir þeirri áskorun að síðustu ár hafði orðið mikil fjölgun einstaklinga sem þiggja fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu og þá einkum ungu fólki. Ákveðið var að bregðast við þessari stöðu þannig að saman fari réttur einstaklinga til aðstoðar og hvati til virkni með hagsmuni og velferð einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð að leiðarljósi. Markmið verkefnisins var að bæta þjónustu við þá sem þiggja fjárhagsaðstoð og skapa þeim raunhæf tækifæri til inntömu eða endurkomu á vinnumarkað. Einnig að stuðla að betri nýtingu fjármagns sem sveitarfélagið ver til fjárhagsstuðnings og stöðva fyrirséða útgjaldaaukningu til málaflökksins. Um var að ræða vaxandi vanda vegna fjölgunar óvirkra einstaklinga á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins.



Fjöldi einstaklinga á framfærslustyrk hjá Hafnarfirði og árleg útgjöld



Aldursdreifing einstaklinga á fjárhagsaðstoð

Hvernig var verkefninu hrint í framkvæmd?

Í byrjun árs 2014 var ráðgjafarfyrtækið Ráðgjöf og verkefnastjórnun fengið til að greina stöðu fjárhagsaðstoðar hjá Hafnarfjarðarkaupstað í samráði við starfsfólk Fjölskylduþjónustunnar. Í framhaldi af þeirri greiningu voru lagðar fram tillögur um útfærslu verkefnisins. Verkefnið fór formlega af stað 3. apríl 2014. Áherslubreytingar í þjónustu kölluðu á innleiðingu nýrra verkferla sem fela í sér breytingar á skipulagi Fjölskylduþjónustunnar, áherslu á vinnu- og virkniúrræði og breytingar á greiðslum til þeirra sem hafna þátttöku í vinnu eða virkni.

Verkefninu er ætlað að tryggja öllum einstaklingum á fjárhagsaðstoð tækifæri til endurkomu á vinnumarkað eða einstaklingsbundin virkni- eða hæfingarúrræði. Verkefnið er unnið á grunni virkrar velferðarstefnu þar sem áhersla er á að auka virkni og tækifæri notenda til sjálfsbjargar og uppbyggingar. Um er að ræða einstaklingsmiðaða þjónustu byggða á faglegu mati þar sem úrræðin eru sniðin að þörfum og hagsmunum hvers og eins.

Meginreglan er vinna eða virkni í stað bóta. Fjárhagsstyrkur án samhliða virkni, endurhæfingu eða meðferðarúrræði verði ekki meginregla heldur undantekning og byggi ávallt á faglegu mati starfsmanna. Hafni einstaklingur boði um þátttöku er fjárhagsstyrkur skertur tímabundið.

Ráðgjöfum félagsþjónustunnar sem starfa að fjárhagsaðstoð er skipt í tvö teymi, matsteymi og úrræðateymi. Náíð samstarf er við Vinnuálastofnun sem sér um vinnumiðlunina í verkefninu. Einnig er samstarf við Virk, Tryggingastofnun, o.fl. auk þess sem trúnaðarlæknir sveitarfélagsins kemur að verkefninu. Við útfærslu verkefnisins var einnig samráð við Samband ísl. Sveitarfélaga sem veitti mikilvægan stuðning og leiðbeiningar.

Samstaða er um verkefnið í bæjarstjórn sveitarfélagsins og var strax í byrjun verkefnisins sköpuð yfir 100 störf hjá sveitarfélaginu inni Áfram-verkefnið.

Hver var ávinningur verkefnisins?

Þegar hafa rúmlega 50 einstaklingar verið ráðnir af fjárhagsstyrk í launaða vinnu gegnum verkefnið, auk rúmlega 20 sem fengið hafa vinnu utan verkefnisins. Fjöldi ráðninga einstaklinga af fjárhagsaðstoð er því rúmlega 70 það sem af er árinu og er hvergi á landinu hærra en í Hafnarfirði. Virk aðkoma sveitarfélagsins sem allt í senn leggur til einstaklinga í þjónustu, skapar störf og niðurgreiðir tímabundi skiptir hér meginmáli ásamt góðu samstarfi við VMST um rekstur Atvinnumiðstöðvar Hafnarfjarðar sem þjónustar einstaklinga og fyrirtæki í Hafnarfirði með sjónarmið nærþjónustu að leiðarljósi.

Það þarf ekki að fjölyrða um mikilvægi þess fyrir einstaklinga sem hafa verið lengi á bótum og sumir hverjir glatað að hluta niður starfs- eða ráðningarhæfni sinni, að fá tækifæri og aðstoð við að komast inn á vinnumarkað á ný og sólarögur þeirra sem reynt hafa slíkt eru margar.


Þá hafa allir verkferlar verið einfaldaðir og starfsfólki Fjölskyldusviðs sem fæst við fjárhagsaðstoð skipt upp í tvö teymi, matsteymi og úrræðateymi. Það fyrrnefnda metur réttindi umsækenda og stöðu. Hið síðarnefnda býður þeim sem á slíku þurfa að halda, vinnu eða önnur virkniúrræði. Matstreymi flokkar umsækjendur, sem rétt eiga á aðstoð í efirfarandi hópa sem tryggir strax viðeigandi þjónustu:

1. Vinnuhópur: Vinnufærir atvinnuleitendur sem vísað er til Atvinnumiðstöðvar Hafnarfjarðar þar sem þeir fá tilboð um vinnu og fara af bótum yfir í launað starf. Hafnarfjarðarbær styrkir störfín fyrstu sex mánuðina. Hafni einstaklingur starfi er heimilt að skerða framfærslustyrk hans um 50% tímabundið.
2. Virkniþópur: Þeim einstaklingum sem hafa skerta starfs- eða ráðningarhæfni að ýmsum ástæðum eru boðin viðeigandi úrræði til að styrkja stöðu sína. Hópur félagsráðgjafa, lækni og sálfræðing metur vinnufærni viðkomandi og í hverju skert vinnufærni er fólgin. Boðin úrræði eru einstaklingsmiðuð út frá því.
3. Hópur án kröfu um vinnu eða virkni. Einstaklingar sem ekki er talið að gagnist tilboð um vinnu eða virkni að svo stöddu. T.d. einstaklingar með lágan styrk á móti skertu fæðingarorlofi eða einstaklingar í neyslu.
4. Biðhópur: Einstaklingar sem óska eftir aðstoð vegna framfærslu á meðan þeir bíða niðurstöðu TR eða VMST varðandi bóta- eða lífeyrisrétt þar. Þeir fá lán til að brúa bilið í samstarfi við viðskiptabanka bæjarins. Lánið greiðist upp með veittum lífeyri eða bótum

Þegar úrskurður um bótarétt liggur fyrir en bótaréttur hjá þessum stofnum miðast við umsóknardag.

Það er mat þeirra sem að verkefninu standa að einföldun verkferla og reglna veiti eitt og sér starfsfólki svigrúm til að sinna þeim betur sem á mikilli þjónustu þurfa að halda (vinnu- og virkniþópar). Þannig hafi þjónusta Fjölskyldusviðs gjörbreyst á einu ári frá því fyrst og fremst að greiða út bætur í að vinna með einstaklingum til sköpunar tækifæra þeim til handa og aðstoð við þá við að nýta slíkt.

Eitt markmið Áfram var að ná böndum á viðvarandi útgjaldaaukningu bæjarins til þessa málaflokks. Ekki var lagt upp með sparnað í huga hvað það varðar en neðangreind mynd sýnir þróun mánaðarlegra útgjalda til fjárhagsaðstoðar undanfarin 3 ár.



Eins og sjá má á þessari mynd var veruleg aukning útgjalda í ársbyrjun, jafnvægi kemst á í sumar en í haust þegar verkefnið er komið í fulla virkni, dregur veruelga úr úrgjöldum, mest í október sl þegar þau dragast saman frá október í fyrra um nær 30%.



HAFNARFJÖRÐUR

Hver var lærdómurinn af verkefninu?

Mikilvægt er að greina vel stöðuna í félagslegri þjónustu og leita nýrra leiða til að styðja og efla þá sem leita eftir stuðningi sveitarfélagsins. Mikilvægir þættir í velgengni verkefnisins eru eftirfarandi:

- Einhugur bæjaryfirvalda að ráðast í Áfram-verkefnið og taka þau skref sem nauðsynleg voru s.s. að breyta reglum um fjárhagsaðstoð og skapa störf inní verkefnið.
- Styrk verkefnastjórn skipti sköpum í að leiða breytingar og fylgja verkefninu eftir.
- Áhugi starfsfólks á verkefninu og jákvæðni gagnvart breyttu verkferli og aðferðum var afar mikilvægur og gerði það að verkum að hægt var að ráðast í verkefnið.
- Góð reynsla einstaklinga sem taka þátt í verkefninu er jákvæður hvati og styrking til að ná áframhaldandi árangir.
- Ekki er um átaksverkefni að ræða heldur breytingu á vinnulagi og fyrirkomulagi til frambúðar. Hér er því um nýsköpun og framþróun að ræða í félagsþjónustu sveitarfélaga.

Hafnarfjörður 10. nóvember 2014.
Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.